

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 579. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
16. september 2015 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson skipulags- og byggingarfulltrúi, Málfríður Kristjánsdóttir,
Berglind Guðmundsdóttir, Þormóður Sveinsson og Sigurður Steinar Jónsson.

Fundargerð ritaði: Bjarki Jóhannesson.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI

Afgreitt samkvæmt 9. grein laga um mannvirki nr. 160/2010

1. 1509249 - Thorsplan, stöðuleyfi fyrir söluvagn

Arnar Þór Ragnarson óskar eftir stöðuleyfi fyrir söluvagninn The Icelandic Fish and Chips Wagon á Thorsplani fram til jóla.

Skipulags- og byggingarfulltrúi veitir umbeðið stöðuleyfi en bendir á að í byrjun aðventu verður sett upp jólaborp á Thorsplani og gæti söluvagninn þurft að færa sig til. Varðandi tengingu í rafmagn er bent á framkvæmda- og rekstardeild Umhverfis og skipulagsþjónustu.

2. 1508807 - Norðurbakki 7-9, reyndarteikningar

VHE ehf leggur 31.08.15 inn reyndarteikningar teiknaðar af Pálmari Kristmundsyni dags. 25.01.06.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

3. 1407229 - Hringhella 12, breyting

Ísrör sækir 23.07.14 um að setja upp hillur í bil 01-02 samkvæmt teikningum Erlendar Árna Hjálmarssonar dags.20.07.14. Nýjar teikningar bárust 15.09.2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

4. 1509203 - Sævangur 5, sólpallur

Kristþór Gunnarsson sækir 8.9.2015 um að byggja sólpall við Sævang 5, samkvæmt teikningum Hildar Bjarnadóttur dags. 6.sept.2015. Fyrri byggingarleyfi frá 22.07.2015 var fellt úr gildi með úrskurði Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála frá 02.09.2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

5. 1509455 - Álfaskeið 96, breyting

Gunnar Friðrik Friðriksson sækir 15.09.15 um að endurnýja hurð, og gluggar síkkaðir á eign 0001 samkvæmt teikningum Einars Tryggvassonar. Samþykki meðeigenda dags. 27.08.2015 fylgir.

579. fundur Afgreiðslufundar skipulags- og byggingarfulltrúa
16.09.2015

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki
nr. 160/2010.*

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.

6. 1506279 - Sörli, ný reiðleið við Hvaleyrarvatn

Helga Stefánsdóttir forstöðumaður umhverfis- og hönnunardeildar óskar eftir framkvæmdaleyfi við lagningu reiðstíga við Hvaleyrarvatn.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til Skipulags- og byggingarráðs.

7. 1509436 - Sörli, hestamannafélag, deiliskipulagsbreyting.

Sigríður Sigþórsdóttir, Basalt arkitektar óskar eftir breytingu á deiliskipulagi fyrir Sörlasvæðið eins og meðfylgjandi gögn sýna.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til Skipulags- og byggingarráðs.

8. 1509438 - Kvistavellir 63-65, breyting á deiliskipulagi.

Gunnlaugur Jónasson G & G - arkitektúr sendir inn fyrirspurn um að breyta deiliskipulagi lóða Kvistavalla 63-65 þannig að í stað parhúss verði leyft að byggja fjögur raðhús. Einnig er óskað eftir að byggingarreitur verði stækkaður lítillega. Nýtingarhlutfall verði hið sama og það sem kveðið er á um í deiliskipulagi. Einnig er óskað eftir afstöðu skipulagsyfirvalda um að leyfa 3.5 m vegg hæð í stað 2.8 eins og gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Sjá meðfylgjandi gögn.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til Skipulags- og byggingarráðs.

9. 1509406 - Hnoðravellir 8-10, deiliskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga Kára Eiríkssonar arkitekts f.h. Péturs Ólafssonar byggverktak ehf að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar. Skipulags- og byggingarráð heimilaði vinnslu deiliskipulagsbreytingarinnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar erindinu til Skipulags- og byggingarráðs.

10. 1507397 - Dalshraun 11, deiliskipulagsbreytingu

Húsfélagið Dalshrauni 11 sækir 29.07.15 um að breyta deiliskipulagi. Lóð stækkuð til suðaustur. Bílastæði við Stakkahraun fjölgað og bílastæði gerð við enda húss að Fjarðarhrauni. Samkvæmt uppdrætti Friðriks Friðrikssonar dags. 13.07.2015. Nýjar teikningar af deiliskipulagi bárust 25.08.15. Erindið var grenndarkynnt skv. 44. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdatíma er lokið, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við reglugerð nr. 767/2005 um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum og að málinu verði lokið í samræmi við 42. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ
Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

11. 1509399 - Smárahvammur 15, umsókn um sorptunnugeymslu

Íris Helga Baldursdóttir sækir f.h. íbá á 1. og 2. hæð um að setja upp sorptunnugeymslu í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Skipulags- og byggingarfulltrúi synjar erindinu þar sem sorptunnugerði þurfa að standa innan lóðar.

12. 1509354 - Klukkuvellir 28-38b, breyting

ER-hús ehf sækir 14.09.15 um minni háttar breytingu á grunnmynd á hús nr.28-32, einnig 2x þakgluggar á húsi nr.32 samkvæmt teikningum Gísla Gunnarssonar dags.08.09.15.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem innsend gögn eru ófullnægjandi, sjá meðfylgjandi athugasemdir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.

Bjarki Jóhannesson (sign)
Berglind Guðmundsdóttir (sign)
Sigurður Steinar Jónsson (sign)

Málfríður Kristjánsdóttir (sign)
Þormóður Sveinsson (sign)